

**Nd.**

### **175. Neindarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924. (Sauðfjárbaðanir).

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Eins og álit 1. og 2. minni hluta landbúnaðarnefndar, sem sjá má á þskj. 138 og 143, bera með sjer, hefi jeg ekki getað átt samleið með háttv. meðnefndarmönnum mínum í þessu máli.

Með lögum um sauðfjárbaðanir frá 30. nóv. 1924 var horfið að því ráði, að baðlyf til hinna fyrirskipuðu sauðfjárbaðana væri búið til hjer innanlands. Baðlyfjagerð þessi átti að vera háð eftirliti sjerfræðings, svo að því mætti treysta, að baðlyfið væri svo útbúið, að sem allra best not yrðu að böðununum.

Þetta innlenda baðlyf hefir nú verið notað í 2 vetur, og mun óhætt að fullyrða, að það hafi yfirleitt reynst mjög vel. Að vísu hafa komið fram kvartanir úr ýmsum áttum yfir því að baðlyfið reyndist illa. Sumir hafa jafnvel haldið því fram, að baðmeðalið væri ónýtt. Einmitt það, að þeir munu miklu fleiri, er reynst hefir hið svokallaða Hreins-baðlyf ágætlega og telja það eitt hið besta, er hægt sje að fá, er mjög sterk sönnun fyrir því, að mislukkun sú, er ýmsir kvarta yfir að orðið hafi á góðum árangri af böðuninni hjá sjer, hlýtur að stafa af því, að annaðhvort hefir einhver óvandvirkni átt sjer stað frá hálfu þeirra, sem baðað hafa, eða þá að baðlyfið hefir verið misjafnt að gæðum. Fullnægjandi umbætur hvað þetta snertir virðist hægt að gera, bæði með strangara eftirliti hvað framkvæmd baðananna snertir, svo og tilbúningi baðlyfsins og útsendingu þess, án nokkurrar lagabreytingar. Álit mitt er, að um sviksemi í tilbúningi hins svokallaða Hreins-baðlyfs hafi alls ekki verið að tala, þar af leiðandi auðveldara að laga misfellur þær, sem á kunna að hafa orðið af öðrum ástæðum.

Bæði 1. og 2. minni hluti landbúnaðarnefndar virðast sammála um það, að allsherjarútrýmingarböðun vegna fjárkláðans þurfi fram að fara um land alt á næstu árum. Ef gera má ráð fyrir, að lög um slíka útrýmingarböðun verði samþykkt á þessu þingi, virðist breyting á núgildandi lögum um sauðfjárbaðanir algerlega óþörf.

Að málavöxtum athuguðum leyfi jeg mjer því að leggja það til, að háttv.  
deild felli frumvörp þetta.

Nánara i framsögu.

Alþingi, 15. mars 1926.

Hákon J. Kristófersson.